



## FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

### **Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 17. maí 2005, kl 17:15.**

Mætt: Sigurhanna Friðþórsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Gylfi Sigurðsson, Andrea Atladóttir, Þorsteinn Finnbogason, Bertha Johansen og Ólafur H. Sigurjónsson.

#### **1. Skólameistari fór yfir skólastarfið:**

Skólameistari ásamt aðstoðarstjórnendum átti fund með stjórnendum grunnskólanna þann 22. apríl og var þar gengið frá skriflegu samkomulagi um hvernig staðið skyldi að námi 10. bekkinga í áföngum Framhaldsskólans. Þann 25. apríl var svo haldinn kynningarfundur fyrir 10. bekk og aðstandendur þeirra. Um 60 manns mættu á fundinn sem heppnaðist vel og sáu útskriftarnemar um vöflubakstur og uppvask. Fundur var haldinn á Hvolsvelli 4. maí með nemendum og foreldrum um hugsanlega fjarkennslu til nemenda á fyrsta ári þar og voru 8. 9. og 10. bekkir Hvolsskóla heimsóttir í leiðinni. Skólameistari ásamt Elliða Vignissyni og tveimur nemendum úr FÍV ræddu við nemendur og dreifðu kynningarefni. Var þeim vel tekið og sýndu margir nemendur áhuga, en 10. bekkingararnir virtust flestir þegar hafa gert upp hug sinn varðandi næsta vetur.

Kennslulok voru þann 4. maí, próf byrjuðu 6. maí og útskrift verður 21. maí kl 11:00 f. hádegi, 12 stúdentar og 6 vélstjórar af 2. stigi verða útskrifaðir.

Lögð voru fram drög að starfsáætlun haustannar 2005, sem hefst mánud. 22. ágúst

#### **2. Umsóknir um kennarastöður.**

Fyrir lágu umsóknir 7 leiðbeinenda sem starfað hafa við skólann (sjá lista). Farið var yfir þær og kom fram að flestir þessir leiðbeinendur eru komnir vel á veg með að afla sér réttinda. Í samræmi við fyrri ákvörðun skólanefndar, um réttindamálin, styður hún þessar umsóknir. Einn umsækjenda er í barneignaleyfi til áramóta.

Fram kom að Karl Gunnar Marteinsson sem starfað hefur við skólann í 25 ár lætur nú af störfum og verður hann heiðraður fyrir gott starf á skólaslitum. Guðrún Kristín Sigurgeirsdóttir kennari og forvarnarfulltrúi lætur einnig af störfum, vegna brottflutn.

#### **3. Önnur mál.**

- Formaður skólanefndar og skólameistari höfðu fengið í hendur drög að skýrslu Tryggva Þorsteinssonar ofl frá HA, um skóla og æskulýðsmál í Eyjum. Að mati skólameistara og formanns skólanefndar var staða FÍV máluð heldur svörtum litum og þótti þeim full ástæða til að mótmæla ýmsu sem þar var sagt og leiðréttanna. Var skólameistara í samráði við formann falið að senda athugasemdir og leiðréttingar til skýrsluhöfunda. Skýrslan verður svo tekin til umfjöllunar á næsta fundi nefndarinnar.
- Skýrt var frá því að skólinn hefði fengið 600 þús kr styrk úr þróunarsjóði framh.sk. í verkefnið: Stefnumiðað árangursmat við sjálfsmat.
- Rætt var um hvort bjóða mætti viðbótarnám í ýmsum námsgreinum, td. sem frekari undirbúning til háskólanáms. Verður það skoðað betur.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 19:00

Ólafur H. Sigurjónsson.